

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 4. ágúst 2011 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-53/2011.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 3. mars sl. bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna máls er varðar Y og auglýsingu á vef stofnunarinnar um tannlæknaþjónustu við börn. Krefst hann þess að auglýsingin verði dregin til baka.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar.

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003 geti beðið kæruneftndina um álit á ágreiningnum. Þá segir í 2. gr reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa að aðilar að lausafjárkaupum geta óskað eftir áliti nefndarinnar á ágreiningi um réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Álitsbeiðandi er ósáttur við að á vef Y er auglýst að boðið sé upp á ókeypis tannlæknaþjónustu fyrir börn tekjulágra. Að mati álitsbeiðanda er auglýsingin ekki réttmæt enda ekkert til sem heitið geti ókeypis tannlækningar. Hann telur því að auglýsingin sé fölsk og jafnframt „ögnun við heilbrigða viðskiptahætti og rekstur tannlæknastofa“.

Kæruneftndin telur að valdsvið nefndarinnar nái ekki yfir það málefni sem álitsbeiðandi kvartar undan. Nefndin gefur einungis álit á þeim réttindum og skyldum sem aðilar leiða af lausafjár-, þjónustu-, eða neytendakaupalögum. Ekki verður séð að álitsbeiðnin sé reist á slíkum grunni, heldur mun fremur á grundvelli réttmætra viðskiptahátta eða veittrar heilbrigðisþjónustu. Með vísan í 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa ber nefndinni því að vísa málinu frá sér.

Rétt er að vekja athygli álitsbeiðanda á að ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu og úrræði Neytendastofu samkvæmt þeim lögum, án þess að kæruneftndin geti fullyrt að erindið eigi inn á borð þar.

III

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Áslaug Árnadóttir,
formaður

Ólafur R. Guðmundsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir